



Reykjavík 10. október 2024

Nefndasvið Alþingis

B.t. fjárlaganefndar

Efni: Umsögn Gólfsambands Íslands í tengslum við frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2025.

Stuðningur við íþróttá- og afreksstarf er fjárfesting samfélagsins í fyrirmyndum, forvörnum og lýðheilsu. Til lengri tíma litið skilar slík fjárfesting sér margfalt til baka. Framlög ríkisins til afreksíþróttá hafa til þessa verið í litlu samhengi við umfang, markmið og mikilvægi málaflokksins. Sem dæmi er áhugavert er í þessu samhengi að bera saman árleg framlög ríkisins til annars vegar afrekssjóðs ÍSÍ og hins vegar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, án þess að það sé dregið úr mikilvægi þeirra framlaga.

Gólfsamband Íslands er elsta sérsambandið innan vébanda ÍSÍ og gólf er næst fjölmennasta íþróttagrein landsins á eftir knattspyrnu. Kyllingar á Íslandi hafa aldrei verið fleiri en nú. Þann 1. júlí 2024 voru 26.349 skráðir félagsmenn í gólfklúbbum víðs vegar um landið. Þetta er fjölgun um rúmlega 2000 kyllinga frá fyrra ári eða sem nemur 9% aukningu. Í fyrsta sinn er heildarfjöldi félagsmanna yfir 26.000. Því mætti álykta að um 10% þjóðarinnar nýti sér reglubundið gólfvallasvæði landsins sér til heilsubótar líkamlegrar og andlegrar.

Tæplega 3.700 einstaklingar undir 19 ára aldri æfa gólf og er framlag gólfhreyfingarinnar til forvarna og lýðheilsu er því mikið. Gólfsambandið tekur þessu hlutverki alvarlega. Kyllingum sem eru 15 ára og yngri fjölga um 11% á milli ára en í aldurshópnum 29 ára og yngri var aukningin mest. Kyllingum á aldrinum 16-19 ára fjölgaði um 16% og 20% aukning var í aldurshópnum 20-29 ára. Það að tileinka sér gólf á yngri árum er líklegt að skila sér í bættri heilsu þegar á efri ár kemur sem búast má við að endurspeglar í beinum sparnaði samfélagsins. Gólf er í sérstöðu meðal íþróttá því fáar aðrar íþróttir geta einstaklingar stundað á öllum æviskeiðum.

Afrekshluti starfseminnar stækkar í hlutfalli við vinsældir íþróttarinnar. Sífelld fleiri kyllingar eru að sækja í keppnir erlendis til að ná viðmiðum. Markmið sambandsins eru háleit og er mikið gert með takmarkað fjármagn. Mikið er stólað á sjálfboðaliða og margir taka á sig mörg verk. Slík stefna og slík umgjörð er þó ekki sjálfbær til lengri tíma litið. Vilji Ísland ná árangri íþróttum og vera samkeppnishæf í samanburði við aðrar þjóðir þarf framlag ríkisins til afreksíþróttastarfs að aukast verulega.

Gólfsambandið er metnaðarfullt í að koma upp aðstöðu fyrir bestu kyllinga landsins innan og utan landsteinanna. Sá kostnaður og umgjörð eykst stöðugt á milli ára. Sambandið vill sjá fleiri taka þátt í keppnum erlendis til þess að ná að framfylgja markmiðum. Þetta hefur leitt til verulega aukins ferða- og umsýslukostnaðar. Á sama tíma verðum við vör við að stuðning frá fyrirtækjum reynist erfiðari að sækja. Þrátt fyrir þetta erum við staðráðin í að halda áfram að vaxa og þróast og sinna okkar mikilvæga hlutverki.

Við teljum að íþróttahreyfingin sé ein besta landkynningin sem völ er á fyrir Ísland. Hún er þar að auki öflugasta lýðheilsuhreyfingin í landinu, með rannsóknir sem sýna fram á að þátttaka í íþróttum lengir líf og bætir heilsu. Svo ekki sé talað um forvarnargildi fyrir ungt fólk. Því eru hagræn áhrif íþróttahreyfingarinnar og afreksstarfs eru veruleg fyrir landið í heild.

Þau áform sem frumvarpið kveður á um að hækka framlagið um 232 milljónir milli ára mun breyta litlu sem engu fyrir afreksstarf rúmlega 30 íþróttasársambanda. Von okkar er að fjárlaganefnd taki tillit til þessara sjónarmiða við frekari umfjöllun og ákvarðanatöku í tengslum við fjárveitingu til afreksíþróttanna fyrir árið 2025.

F.h. stjórnar GSÍ

Brynjar Eldon Geirsson, *Framkvæmdastjóri GSÍ*